

Innleiðing stefnu

Stjórn og æðstu stjórnendur taka ákvörðun um stefnu félags til lengri tíma (3 - 5 ár). Stefnan er svo útfærð fyrir hvert ár og árangursmarkmið sett.

Við innleiðingu stefnu og kynningu markmiða þarf að hafa hugfast að sýna starfsmönnum skýr tengsl á milli stefnu og daglegra starfa.

Svið og deildir þurfa að setja sér undirmarkmið út frá yfirmarkmiðum t.d. á vinnufundum. Starfsmannasamtöl eru góður vettvangur til að fara yfir það með einstökum starfsmönnum hvað hver og einn getur gert í sínu starfi til að stuðla að því að markmið náist. Með þessu móti stefna allir í sömu átt.

Einnig þarf að huga að úrbótaverkefnum sem auka líkur á að markmið náist. Það er gott að nýta starfsmannasamtölin til að fara yfir með starfsmönnum hvað vantar upp á svo þeir og fyrirtækið nái settum markmiðum.

Gera þarf árangurinn sýnilegan og kynna reglulega fyrir starfsmönnum, s.s. á innri vef og/eða ræða árangur á starfsmannafundum svo þeir séu upplýstir um hvernig miðar í átt að settu marki.

Hvatning er einnig nauðsynleg og mikilvægt að fagna góðum árangri.



Ragnhildur Ragnarsdóttir, forstöðumaður hjá TM.

